



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 19. mars 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (miðlægur nemendagrunnur)

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök menntatæknifyrirtækja (IEI) hér eftir „samtökin eða SI og IEI“ hafa tekið til umsagnar frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um breytingar á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla sem felur í sér stofnun miðlægs nemendagrunns, 443. mál, 157. Löggjafarþing. Samtökin hafa áður komið á framfæri ítarlegum athugasemdum vegna málsins, bæði á stigi áforma (mál nr. S-125/2025)¹ og við drög að frumvarpi (mál nr. S-227/2025)², þar sem bent var á skort á samkeppni, óljósa aðkomu einkaaðila og mikilvægi opins vistkerfis.

Samtökin telja að ekki hafi verið brugðist við athugasemdum sem fram komu í fyrrgreindum umsögnum í fyrirbyggjandi frumvarpi og ítreka fyrri sjónarmið. Samtökin styðja markmið frumvarpsins um að styrkja stafræna innviði menntakerfisins og efla gagnadrifna stefnumótun. Hins vegar gera samtökin áfram alvarlegar athugasemdir við útfærslu þess, einkum hvað varðar skort á samkeppni og takmarkaða aðkomu markaðarins, þrátt fyrir umtalsverðan kostnað (340 m.kr. stofnkostnaður og 95 m.kr. árlegur rekstur).

I. Um þróun á markaði og alþjóðlegan samanburð

Samtökin benda á að veruleg uppbygging nemendagagnakerfa hefur þegar átt sér stað í samstarfi hins opinbera og einkaaðila. Dæmi um það er þróun Innu og uppbygging opins vistkerfis vegna þess. Að mati samtakanna er því mikilvægt að byggja á þeirri innviðaþróun sem þegar hefur átt sér stað, fremur en að ráðast í kostnaðarsama þróun nýs kerfis frá grunni. Alþjóðleg reynsla, m.a. frá Eistlandi, Finnlandi og Noregi, eins og rakið hefur verið í fyrri umsögnum, sýnir að opnir gagnainnviðir og samstarf við markaðinn eru lykilforsenda skilvirkni og nýsköpunar.

II. Markaðsbrestur og efnahagsleg áhrif

Núverandi fyrirkomulag felur í sér markaðsbrest þar sem takmarkaður aðgangur að heimamarkaði og skortur á opnum innviðum dregur úr þróun og innleiðingu lausna. Þetta hefur bæði áhrif á gæði menntunar og möguleika íslenskra fyrirtækja til vaxtar. Íslenskar menntatæknilausnir hafa tvíþætt gildi: Þær bæta annars vegar

¹ [Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja um áform um breytingu á ýmsum lögum, gagnagrunnur nemendaupplýsingar](#)

² [Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja um drög að breytingu á ýmum lögum gagnagrunnur nemendaupplýsingar](#)



gæði menntunar innanlands og hins vegar mynda grunn að útflutningsdrifnum hugverkaiðnaði. Með fyrirliggjandi nálgun tapast bæði þessi tækifæri og þar með mögulegar framtíðartekjur fyrir þjóðarbúið.

III. Persónuvernd og framkvæmd regluverks

Fyrirliggjandi frumvarp, í núverandi mynd, felur í sér hættu á að festa í sessi fyrirkomulag sem takmarkar samkeppni og aðgang lausna að skólakerfinu. Þetta dregur úr hvata til nýsköpunar og getur leitt til lakari nýtingar opinbers fjármagns. Reynsla bendir jafnframt til þess að framkvæmd regluverks sé íþyngjandi, fremur en að um sé að ræða efnislegan mun á lagamma, sem skapar kerfislægir hindranir og hægir á innleiðingu stafrænna lausna. Í framkvæmd þurfa fyrirtæki að fara í endurtekið og tímafrekt ferli hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig, auk samskipta við Persónuvernd, áður en heimild fæst til innleiðingar. Þetta veldur verulegum töfum, tvíverknaði og óvissu, þrátt fyrir að um sé að ræða lausnir sem byggja á sama lagamma og eru þegar í notkun annars staðar í Evrópu.

IV. Áhrif á nýsköpun og samkeppnishæfni

Fyrirliggjandi frumvarp, í núverandi mynd, felur í sér hættu á að festa í sessi fyrirkomulag sem takmarkar samkeppni og aðgang lausna að skólakerfinu. Þetta dregur úr hvata til nýsköpunar og getur leitt til lakari nýtingar opinbers fjármagns. Reynsla bendir jafnframt til þess að framkvæmd regluverks sé íþyngjandi, fremur en að um sé að ræða efnislegan mun á lagamma, sem skapar kerfislægir hindranir og hægir á innleiðingu stafrænna lausna. Þrátt fyrir að fjölmargar lausnir hafi hlotið opinberan stuðning fá þær ekki raunhæfan aðgang að innleiðingu í menntakerfinu. Þetta er óhagkvæmt fyrir bæði kerfið og samfélagið í heild, sérstaklega í ljósi þess að íslenskar lausnir á borð við Evolytes³ og Atlas Primer⁴ eru menntatæknilausnir í fremstu röð í Evrópu.

V. Tillögur til úrbóta

Samtök iðnaðarins leggja til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Tryggja samkeppni og gagnsæi

Setja skýr ákvæði um að þróun, innleiðing og rekstur kerfisins fari fram í opnu og gagnsæju útboðs- eða samráðsferli, í samræmi við lög um opinber innkaup.

2. Skýra aðkomu einkaaðila

Tryggja að fyrirtæki á markaði hafi raunhæf tækifæri til að taka þátt í þróun, rekstri og áframþróun kerfisins, þar með talið með þjónustu, samþættingu og viðbótarlausnum.

3. Byggja upp opið vistkerfi

Kveða á um að nemendagrunnurinn verði hannaður sem opinn stafrænn innviður með:

- stöðluðum gagnasniðum,
- API-aðgangi fyrir viðurkennda aðila,
- og skýrum reglum um samþættingu við kerfi skóla og einkaaðila.

4. Nýting á núverandi lausnum

³ [Evolytes fékk verðlaun Holon IQ sem eitt besta menntatæknifyrirtækið 2025](#)

⁴ Atlas Primer Named a Top 50 Nordic & Baltic EdTech Company by HolonIQ.



Kveða á um að við uppbyggingu kerfisins verði fyrst metið hvernig nýta megi þær lausnir og innviði sem þegar eru til á markaði, í stað þess að þróa nýtt kerfi frá grunni, á einnig við um þá þekkingu sem hefur skapast.

5. Skýra verkaskiptingu og gagnaflæði

Setja fram skýr ákvæði um ábyrgð, verkaskiptingu og samhæfingu milli ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna með menntagögn, til að forðast tvíverknað og dreifingu gagna.

6. Einfalda framkvæmd persónuverndar

Tryggja samræmda og skilvirka framkvæmd persónuverndarreglna, m.a. með því að:

- samræma ferli milli sveitarfélaga,
- draga úr endurteknum úttektum,
- og tryggja fyrirsjáanleika fyrir innleiðingu lausna sem uppfylla GDPR.

7. Stuðla að nýsköpun og útflutningi

Kveða á um að nemendagrunnurinn verði nýttur sem grunnur að þróun menntatæknilausna sem geta nýst bæði innanlands og á alþjóðlegum mörkuðum í samstarfi við atvinnulífið.

VI. Lokaorð

Samtökin telja brýnt að við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins verði tryggt opið og gagnsætt ferli, raunveruleg aðkoma einkaaðila og að nemendagrunnurinn verði byggður upp sem opið vistkerfi. Jafnframt þarf að byggja markvisst á þeirri þekkingu og þeim lausnum sem þegar eru til staðar, í stað þess að hefja þróun frá grunni. Aðkoma einkaaðila sem hafa þróað lausnir undir ströngum kröfum GDPR er bæði hagkvæm og dregur úr áhættu fyrir hið opinbera. Með því að nýta þann nýsköpunarkraft sem býr í íslensku atvinnulífi er unnt að efla nemendagrunninn, þróa betri námsgögn, bæta starfsumhverfi kennara og tryggja að sveitarfélög og stjórnvöld hafi aðgang að áreiðanlegum og gagnadrifnum upplýsingum um stöðu og framvindu nemenda. Slík nálgun leggur grunn að skilvirkara menntakerfi til framtíðar, þar sem ákvarðanir byggja á gögnum og samstarfi hins opinbera og atvinnulífs.

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum